


Menntaskólinn við Hamrahlíð

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



LÝÐRÆÐI, STJÓRNMÁL OG SJÁLFBÆRNI Í FRAMHALDSSKÓLA

Vinnuhópur:

Þorsteinn Þórhallsson verkefnisstjóri,

Guðrún Hólmgeirsdóttir,

Páll Imsland

Markmið samkvæmt umsókn

Markmiðið er að þróa námsefni og vinnubrögð fyrir nýjan námsþátt í kjarna stúdentsprófs. Hugmyndin er að slíkt leysi af hólmi lífsleikni í þeirri mynd sem verið hefur og mennti nemendur í þeim atriðum sem fram koma í heiti verkefnisins. Ætlunin er að umræddir námsþættir verði einkum á fyrstu og síðustu önn námsins. Grunnþemað er ábyrgð einstaklingsins í nútímasamfélagi, ekki einungis á sjálfum sér heldur einnig meðábyrgð á því hvernig við ráðum ráðum okkar um sameiginleg mál. Ekki verður aðeins um séráfanga að ræða heldur er þess vænst að út frá þessu spretti frjóar hugmyndir að samþættingu við annað nám þvert á faggreinar.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Stofnaður var vinnuhópur um verkefnið sem í voru Guðrún Hólmgeirsdóttir, heimspeki- og stærðfræðikennari, Páll Imsland jarðfræðikennari og Þorsteinn Þórhallsson sögu- og landafræðikennari. Þessi þverfaglegi hópur vann að því í upphafi að móta ákveðna stefnu fyrir áfangann sem leysir af hólmi fyrsta áfangann í lífsleikni. Þessi áfangi er ein gömul eining kenndur einu sinni á viku heila önn. Varðandi viðfangsefni áfangans voru skilgreind sjö meginþemu eða meginviðfangsefni sem eru grundvöllurinn að lýðræðislegri umræðu eins og skólinn vill sjá hana. Þessi þemu eru þekking, lýðræði, menntun, menning, sjálfbærni, siðferði og jafnrétti. Kennsluáðferðin miðast við beina virkni nemenda og var ákveðið að kennslan færi fram með verkefnavinnu sem fælist í æfingu á notkun hugtaka sem tengjast meginþemunum sjö. Þar sem efnið er víðfeðmt og erfitt að gera öllu skil var ákveðið að gefa nemendum töluvert frelsi um val á viðfangsefni og verkefnum, að hóparnir vinni heldur ekki allir að því sama heldur kynni verkefnið hver fyrir öðrum og þjálfist þannig í að koma þekkingu á framfæri. Þá verður gerð tilraun með að skipa fasta hópa í upphafi í þeirri von að vinna nemenda verði skilvirkari með þeim hætti. Eins var ákveðið að verkefnið sneru í töluverðu mæli að nærumhverfinu, þ.e. nemendum sjálfum, skólasamfélaginu og umhverfi skólans. Mottó áfangans er *ÉG – SKÓLINN – SAMFÉLAGIÐ* og hugtökin eru skoðuð út frá samspili þessara þátta. Til að öðlast sem mesta hæfni í notkun erfiðra hugtaka og til að tileinka sér lýðræðisleg vinnubrögð er æskilegt að nemandinn takist á við verkefnið á heimavelli eins og Ólafur Páll Jónsson heimspekingur hefur boðað. Með þessar hugmyndir að leiðarljósi samdi hópurinn kennarahandbók sem notuð verður við tilraunakennslu í áfanganum haustið 2010.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Vinnuhópurinn vann fyrst og fremst að þróun áfanga sem kemur í stað fyrsta áfanga í lífsleikni og á að kenna tveimur hópum nýnema í tilraunakennslu haustið 2010. Ákveðið var að bíða með

að þróa framhaldsáfangana þangað til reynsla af fyrsta áfanganum liggur fyrir. Reynslan af þessu ræður því hvort framhaldsáfanginn verður af sama toga og sá fyrsti og mun þá vinna hópsins nýtast við þróun þess áfanga.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Töluvert er ritað og rætt í skólasamfélaginu um lýðræði, borgaravitund og sjálfbærni í skólum. Má þar meðal annars nefna *Kompás*, handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Þessi umræða styrkir þá sem eru að huga að kennslu í þessum fræðum. Sú hindrun sem vinnuhópurinn í MH rakst hinsvegar á er að kennsluefni og þá sérstaklega verkefni við hæfi liggja ekki á lausu. Þetta er auðvitað alþekkt hindrun í kennslu allra námsgreina og hópnum tókst að setja saman töluverðan bunka af verkefnum og fleiri munu bætast við í tilraunakennslunni.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningurinn af verkefnavinnunni er sá að hún hefur dregið fram ákveðin sameiginleg gildi eða viðmið sem eru grundvöllur að framsæknu skólastarfi en þau hafa gjarnan verið frekar ómeðvituð eða lítt sýnileg í skólastarfi þar sem megináherslan er á uppbyggingu skólans eftir hefðbundnum faglegum línunum. Það sem átt er við hér er að þættir sem verið hafa til umfjöllunar í vinnuhópnum eins og lýðræðisleg vinnubrögð, skilningur á eðli þekkingar, ábyrgð og áhrif einstaklingsins í þjóðfélaginu, gagnrýnin hugsun, siðferði og sjálfbærni hafa verið til staðar í skólanum en kannski ekki jafn sýnilegir og faglegar áherslur í kennslunni. Í þeim grunnáfangum sem verið er að móta í þessu verkefni er áhersla lögð á að kynna fyrir nemendum þessar hugmyndir í þeirri von að þær hafi áhrif á nám þeirra og viðhorf til frambúðar. Eins er ætlunin að kennslan í áfanganum dreifist á ýmsa kennara og þeir geta því tileinkað sér þau viðhorf sem þar eru ræktuð. Annar ávinningur sem má nefna er sá að hugmyndir um borgaravitund, lýðræðislegt skólastarf og sjálfbærni eru víða í umræðu á Íslandi og í útlöndum og það er mjög fróðlegt að kynnast þeirri umræðu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið fólst í því að undirbúa kennslu í áfanga sem kemur í stað lífsleikni hjá nýnemum. Stjórnendur hafa metið það svo að árangur af vinnu hópsins gefi tilefni til að hefja tilraunakennslu í tveimur hópum haustið 2010. Uppkast að handbók fyrir kennara er tilbúið. Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að þróa framhaldsáfangana byggðan á sömu hugmyndum fyrir nemendur sem eru í miðju námi og á lokaönn námsins. Ef vel tekst til með kennslu í þessum

áfanga er möguleiki á því að nemendur og kennarar áfangans ali með sér viðhorf sem gætu haft töluverð jákvæð áhrif á skólabraginn þegar fram í sækir.

Niðurstöður verkefnisins

Í umsókn var áætlaður afrakstur verkefnisins „drög að kennsluefni og vinnuáætlun fyrir tilraunakennslu í afmörkuðum hópi nýnema næsta skólaár“. Nú liggur þetta efni fyrir í handbók fyrir kennara áfangans og áfanginn verður kenndur í tveimur hópum haustið 2010. Áfanginn verður kenndur í tilraunakennslu og þá er hugsunin sú að starfið verðið metið jafnóðum og þessi handbók endurskrifuð um leið. Á þetta við um alla kafla handbókarinnar en einkum má þó búast við breytingum á skipulagi áfangans og verkefnum sem lögð eru fyrir nemendur. Eins vonumst við eftir að geta fjölgað verkefnum í handbókinni. Þá viljum við geta haldið áfram með seinni LÍL áfangana og tengt efni þeirra við þann grunn sem lagður er í þessari handbók.

Áætlun um kynningu verkefnisins og helstu niðurstöðum

Handbók sú sem gerð hefur verið fyrir stjórnendur og kennara áfangans verður kynnt á fundum innan skólans og hún mun liggja frammi á heimasíðu Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir alla þá sem áhuga hafa á að kynna sér þetta efni.